

mættir: Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens Heiðar Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Kristín Benediktsdóttir, Ómar Baldursson, Georg Georgsson, Júlía Þórðardóttir, Svanborg Hilmarsdóttir, Eyjólfur Ólafsson, Sighvatur Sighvats, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir  
Forföll boðuðu: Grétar B. Guðmundsson, Andri Jóhannesson, Einar Á. Kristinsson

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Trúnaðarmannaráðstefnan
  - a. Fjárhagsáætlun 2013
  - b. Drög að ályktunum
  - c. Annað?
3. Málefnanefndir ASÍ
4. Umsagnir um frumvörp til laga
5. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Trúnaðarmannaráðstefnan
  - a. Rekstraráætlun 2013 lögð fram. Jens fór yfir alla sjóðina og áætlunina í heild, svaraði spurningum og umræða spannst um ýmsa liði. Minnt er á að þetta er lifandi plagg og getur því breyst. Samþykkt var að leggja áætlunina fram. Umræða spannst um hvort ætti að birta reikninga félagsins á heimasíðu en bent er á að þeir eru aðgengilegir á skrifstofu og þar geta félagsmenn að nálgast þá.
  - b. Drög að ályktunum. Lögð voru fram drög að ályktunum fyrir ráðstefnuna um Evrópumál, húsnæðismál og kjaramál. Rætt var um þessar tilögur og eru menn hvattir að kynna sér þær og koma með athugasemdir helst fyrir kvöldið. Kristján tekur niður komment og mun bæta inn í tillögurnar.
  - c. Kristján fór yfir kynningu um verðtryggðlán/óverðtryggðlán sem hann mun fara yfir á ráðstefnunni. Rætt var um skyldusparnað.
3. Kristján lagði fram blað um málefnanefndir ASÍ og er fólk beðið um að skoða þær.
4. Óskað er eftir athugasemdum um frumvarp til laga um Ábyrgðarsjóð launa. Starfsmenn skrifstofu munu fara vel yfir frumvarpið og gera athugasemdir ef þörf er á.
5. Önnur mál.

Fundarferð um landið hefst í næstu viku. 29. október og er áætlað að síðasti fundurinn verði 8. nóvember. Hjálögð er dagskrá sem Kristján fór yfir. Rætt var um samskipti, ASÍ hefur til athugunar hvort boðið verði upp á samskipti líkt og boðið var upp á hér áður.

Kynnt var tillaga frá Birni Ágústi og Birni Eysteins um að skipt væri við fyrirtæki sem heitir sem heitir Miðstræti vegna kynningardiska. Samþykkt að fara í viðræður við þá, kanna þarf hins vegar fyrst hvort um stöndugt og traust fyrirtæki sé að ræða. Kristján var með sjóðheita launakönnun frá Capasent og rétt tæpti á henni. Heildarlaun okkar manna hafa hækkað um rúm 8%.

Fundi slitið 15:25

Fundargerð ritar

Bára Halldórsdóttir